

JAFNRÉTTISSTEFNA SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

1. Sjálfstæðisflokkurinn starfar á grundvelli frelsis einstaklingsins og jafnrétti. Í öllum störfum flokksins skulu einstaklingar fá að njóta sín óháð kynferði, aldri, trú og stöðu.
2. Það er markmið Sjálfstæðisflokksins að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði, aldri, trú og stöðu. Sjálfstæðisflokkurinn telur að með því að stuðla að jafnrétti kynjanna sé lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.
3. Við skipun í nefndir og ráð á vegum Sjálfstæðisflokksins ræður fagþekking og hæfni mestu um val einstaklinga.
4. Miðstjórn er falið að fylgja jafnréttisstefnunni eftir og fylgjast með því að eftir henni sé farið í störfum Sjálfstæðisflokksins. Miðstjórn skal útbúa skýrslu til framlagningar á næsta landsfundi Sjálfstæðisflokksins þar sem metinn er afrakstur stefunnar í störfum flokksins, bæði innra og ytra starfi. Í skýrslunni skulu einnig lagðar fram tillögur til úrbóta, sé þeirra þörf.
5. Jafnréttisstefnan skal endurskoðuð fyrir næsta landsfund Sjálfstæðisflokksins.

GREINARGERÐ MEÐ JAFNRÉTTISSTEFNU SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Miðstjórn Sjálfstæðisflokksins samþykkti á fundi þann 11. desember 2009 í samræmi við ályktun landsþings Landsambands sjálfstæðiskvenna að skipa vinnuhóp til að semja jafnréttisstefnu fyrir Sjálfstæðisflokksins, með það að markmiði að jafna þátttöku kynjanna í öllu starfi flokksins. Vinnuhópur var skipaður á vormánuðum 2010. Í hópnum störfuðu Katrín Helga Hallgrímsdóttir sem stýrði vinnu hópsins, Sigríður Hallgrímsdóttir, Drífa Hjartardóttir, Vilhjálmur Jens Árnason og Illugi Gunnarsson. Jafnréttisstefnan var lögð fyrir miðstjórn 23. júní 2010 og samþykkt þar.

Vinnuhópurinn tók saman tölur um stöðu kvenna og karla í innra og ytra starfi flokksins. Með innra starfi er átt við nefndir og ráð á vegum flokksins en með ytra starfi er átt við sveitastjórnir og alþingi. Niðurstaða þessarar samantektar er að finna aftast í greinargerð þessari. Það er von vinnuhópsins að samþykkt jafnréttisstefnu verði til þess að jafna hlut kvenna og karla í innra og ytra starfi flokksins.

Hópurinn lagði áherslu á það við vinnu sína að jafnréttisstefnan yrði hnitmiðuð og markviss og í samræmi við grundvallarviðhorf sjálfstæðismanna.

Grundvallarstefna Sjálfstæðisflokksins um einstaklingsfrelsi byggist á því að allir séu jafnir fyrir lögum og að allir hafi jöfn tækifæri óháð kyni, aldri, trú og stöðu að öðru leyti. Með því að setja sér jafnréttisstefnu horfist Sjálfstæðisflokkurinn í augu við það að staða kvenna og karla í flokknum er ekki jöfn. Sjálfstæðisflokkurinn telur ekki að slíkt sé tilkomið vegna þess að konur séu að einhverju leyti óhæfari til þátttöku í pólitík og karlar, heldur sé skýringa að leita í fjölmörgum samhangandi þáttum sem sumir eigi sér djúpstæðar rætur í vestrænu samfélagi. Óháð því hverjar ástæður þess eru vill Sjálfstæðisflokkurinn, til hagsbóta fyrir flokkinn og samfélagið, leggja sitt að mörkum til að jafna þátttöku kvenna og karla á

öllum sviðum samfélagsins, þar á meðal í pólitík. Eitt af mörgum skrefum í þá átt er að sjálfsögðu að líta í eigin barm.

Sjálfstæðisflokkurinn vill ekki að markmiðum um jafna stöðu kvenna og karla verði náð með kynjakvótum. Sjálfstæðisflokkurinn telur að raunverulegar breytingar í þessum efnum verði ekki nema með breytingum innan frá. Í því sambandi skiptir miklu að ríkisvaldið og aðrar stofnanir samfélagsins, þar á meðal stjórnmalaflokkar, séu í fararbroddi breytinga með góðu fordæmi. Þeir sem eiga þátt í því að setja samfélaginu reglur verða sjálfir að fara eftir þeim til að þær séu trúverðugar og til að sýna að hægt er að ná markmiðunum á annan hátt en með boðum og bönnum. Sjálfstæðisflokkurinn fór fyrir þeim ríkisstjórnnum sem settu núverandi lög um jafnrétti kvenna og karla og fæðingarorlofslögin, einni mestu réttarbót í átt til þess að jafna stöðu kvenna og karla í atvinnulífinu. Sjálfstæðisflokkurinn telur að með því að setja sér jafnréttisstefnu og starfa eftir henni fari hann enn og aftur fram með góðu fordæmi, til eftirbreytni fyrir aðra stjórnmalaflokka og atvinnulífið.

Innan Sjálfstæðisflokksins starfar fjöldi félaga sjálfstæðiskvenna um land allt, innan vébanda Landssambands sjálfstæðiskvenna. Það er markmið þessara félaga að sameina sjálfstæðiskonur og virkja þær til þátttöku í stjórnmalum. Eitt af markmiðum jafnréttisstefnunnar er að sérstök kvenfélög verði óþörf þar sem konur muni í framtíðinni taka jafnan þátt í öllu (öðru) starfi flokksins.

Einstakar greinar jafnréttisstefnunnar skýra sig að mestu leyti sjálfar. Rétt þykir að hnykkja á efni 4. greinar en með henni er ætlunin að höfða sérstaklega til þeirra sem stýra tilteknum verkefnum í innra starfi flokksins. Þátttaka í innra starf Sjálfstæðisflokksins er í langflestum tilvikum undanfari og aðdragandi þess að fólk láti að sér kveða í sveitastjórnar- eða landsmálum. Það þótti því rétt að leggja sérstaka áherslu á að þátttaka kynjanna sé sem jöfnust í þessum þætti starfs Sjálfstæðisflokksins. Halli á annað kynið skal sá sem leiðir viðkomandi verkefni leita leiða til að ráða bót þar á. Það má til dæmis gera með því að hvetja það kyn sem hallar á til frekari þátttöku í verkefninu, skipa fleiri aðila/einstaklinga af því kyni til vinnu við verkefnið og svo framvegis. Öll nánari útfærsla er að sjálfsögðu í höndum viðkomandi aðila eftir því sem aðstæður gefa tilefni til í hvert skipti.

Að sjálfsögðu má spyrja af hverju ekki sé gripið til sambærilegra aðgerða varðandi unga eða aldna. Ungir og aldnir sjálfstæðismenn hafa öflug landssamtök á sínum vegum sem starfa markvisst að því að gera veg þessara hópa sem mestan. Framhjá því verður hins vegar ekki horft að konur eru helmingur þjóðarinnar og ættu að vera helmingur sjálfstæðismanna líka, hvort sem þeir eru ungir, aldnir eða bara svona mitt í milli. Staða kvenna á auk þess ekki að þurfa að vera sérstakt hagsmunamál en því er ólíkt farið með unga og aldna, sem sannarlega má telja sérstaka hagsmunahópa. Endanlegt markmið jafnréttisstefnunnar er eins og áður sagði að ekki verði lengur þörf fyrir landssamband sjálfstæðiskvenna. Slíkt á væntanlega ekki við um Samband ungra sjálfstæðismanna og Samband eldri sjálfstæðismanna.